

Kjartan Óli Kristinsson í U19 landslið



Í síðustu viku sögðum við frá því að Hafsteinn Már Sigurðsson og Auður Líf Benediktsdóttir hafi verið valin í U17 landslið í blaki og nú hefur Kjartan Óli Kristinsson úr Vestra verið valinn í U19 landsliðið og heldur með þeim til Englands þann 26. október.

Kjartan er afarefnilegur blakari og var aðeins 14 ára þegar hann

var valinn í U17 landslið og fór á norðurlandamót til Englands. Árið 2015 fór hann aftur til Englands með U17 landsliðinu og til Ítalíu og Danmörku árið 2016. Með U18 fór hann til Rúmeníu í byrjun þessa árs. Kjartan hefur æft með U19 landsliðinu frá 2015 og fór með þeim til Danmerkur það ár.

Aftek Kjartans hér innan-

lands eru ekki síður glæsileg og byrjuðu snemma en hann varð Íslandsmeistari með fjórða flokki árið 2013. Hann var líka lykilmáður í liði Vestra á liðnu leiktímabili en meistaraflokkur Vestra í blaki gerði sér lítið fyrir og sigraði 1. deild Íslandsmótsins og komst í úrslit í bikarnum.

Hægt verður að fylgjast með leikni þeirra Kjartans og

Hafsteins í fyrsta heimaleik meistaraflokks Vestra þann 22. október er BF frá Siglufirði sækir liðið heim. Helgina 18-19 nóvember munu bæði karla og kvennahlið Hamars úr Hveragerði mæta á Ísafjörð og þá má fylgjast með þessu efnilega unga fólki á vellinum.



BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. október 2017 · 23. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak

Körfuboltaþúðir Vestra heiðraðar á þingi UMFÍ



Guðný Stefánía Stefánsdóttir, formaður HSV, tók hvatningarverðlauninum úr hendi Hauks Valtýssonar, formanns UMFÍ.

Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) hlaut hvatningarverðlaun UMFÍ 2017 á 50. sambandsþingi UMFÍ sem fram fór á Hótel Hallormsstað um helgina. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, sagði áður en hann afhenti verðlaunin á þinginu að þau væru afhent HSV fyrir öflugar og metnaðarfullar körfuknattleiksþúðir Íþróttafélagsins Vestra á Ísafirði. Guðný Stefánía Stefánsdóttir, formaður HSV, tók við verðlauninum í lok þings í gær fyrir hönd HSV.

Körfuboltaþúðir Vestra hlutu einnig hvatningarverðlaun Ísafjarðarbæjar í fyrra og er þetta því í annað sinn sem búðirnar hljóta viðurkenningu af þessum toga. Í frétt á heimasíðu UMFÍ segir: „Búðirnar, sem hófu göngu sína árið 2009, hafa stækkað og eflst ár frá ári og þykja nú einstakar á landsvísi.“

Þess má geta að búðirnar fagna tíu ára afmæli á næsta ári en þær fara fram dagana 5.-10. júní 2018.

Veik börn, fjarri þjóðarsjúkrahúsinu

Birkir Snær er bráðum tveggja ára og hefur á sinni stuttu ævi þurft að ströggla með hættulegan sjúkdóm sem heitir LCH (Langerhans cell histiocytosis). LCH er afar sjaldgæfur frumusjúkdómur sem er oftast skilgreindur sem krabbamein. Birkir Snær er með sjúkdóminn í lungu og á húð og hefur þurft að fara ófáar ferðirnar suður í lyfjameðferðir, núna er hann í sinni þriðju lyfjameðferð. Þegar á þeim stendur þarf að fara á 3ja vikna fresti og stundum þarf fjölskyldan að dvelja í Reykjavík í fimm daga meðan á lyfjagjöf stendur.

Foreldrar Birkis Snæs, þau Þórir Guðmundsson og Guðrún Kristín Bjarnadóttir hafa eðlilega fylgt barninu í allar rannsóknir, aðgerðir og meðferðir en þau gera athugasemdir við að ekki séu niðurgreiddar flugferðir fyrir tvo fylgdarmenn með svona mikil veiku barni. Þórir skrifaði færslu á facebook síðu sína í gær sem hefur vakið mikla athygli og gaf bb.is leyfi til að birta hana í heild sinni og má lesa hana í blaðsíðu 5.

Öllum framboðum til alþingiskosninga í lok þessa mánaðar var send eftirfarandi beiðni:



Birkir Snær og Sigrún Þórey stóra systir

„Nú hafa verið heitar umræður um aðstæður foreldra á landsbyggðinni með mikið veik börn og ég efast ekki um að þið hafið öll mikinn skilning á því og ríkan vilja til að koma til móts við foreldra. Ég vil bjóða ykkur að skrifa stutta grein í næsta blað um hvort ykkar flokkar hafi stefnu í þessum málum, ef svo er hvaða, hvernig orðuð og hvort hana megí finna

í opinberum stefnuskrám. Næsta blað verður undirlagt þessu verkefni okkar langminnstu bræðra/systra og þar mun koma fram að þið hafið fengið ósk um að gera grein fyrir ykkar stefnu. Svar ykkar má ekki vera lengra en 150-200 orð.“

Svör flokkana eru hér í blaðinu merkt #Birkir Snær.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Verndum tjáningarfrelsið



Svona var farið með menn sem dirfðust að ljúga upp á embættismenn ársins 1699.

„Flengdur næst lífi eptir útnefndardómi [Ásmundur Jónsson úr Barðarstrandarsýslu], ... fyrir óheyrilega lygi upp á amtmann, Magnús sæla lögmann, Jón Sigurðsson, Jón Eyjólfsson, Ara Þorkelsson sýslumenn og Gunnlaug Jónsson lögréttumann, og önnur fleiri dándismenni; skyldi hann og slá sig þrisvar á munninn, vera útlægur af landinu, ... einnig tækur undir húðlátsrefsingu næst lífi, hvar helst hann hittist í landinu, þá skip væru sigld. Kom hann sér þó eigi utan og var fangelsaður vestra um haustið fyrir þjófnað, en slapp úr fangelsinu um veturinn.“ (Vallaannáll, 433.)

Ásmundur þessi var hengdur á alþingi tveimur árum síðar og talar þá annálaritari sérstaklega um „lygina miklu“ sem hann hafði verið hyddur fyrir 1699. (Vallaannáll, 445.)

Ætli þetta verði örlög ritstjóra Stundarinnar!

Orkumálin komist í efstu deild

Í einni af heimsóknum mínum til Ísafjarðar nýlega fór ég meðal annars í nokkur fyrirtæki og heyrði þar frá fyrstu hendi hvernig ítrekaðar rafmagnstruflanir valda tjóni sem hleypur auðveldlega á hundruðum þúsunda króna í hvert sinn. Þetta er grátleg staðreynd í landi sem býr við ofgnótt rafmagns.

Afhendingaröryggi rafmagns á Vestfjörðum var árum saman út úr öllu korti í samanburði við aðra landshluta. Ekki í þriðju eða fjórðu deild heldur í „utandeild“, svo að gripið sé til íþróttamáls.

Landsnet hefur á undanförunum árum sett þrjá milljarða í endurbætur sem hafa skilað töluverðum árangri. Straumleysismínútur forgangsorku fóru þannig úr sex þúsund árið 2012 niður í tvö þúsund 2013, tvö hundruð 2014 og eitt hundruð í fyrra.

En betur má ef duga skal því ennþá vantar talsvert upp á að komast í efstu deild, þar sem suðvesturhorn landsins spilar. Ekki má heldur gleyma því að bætt staða byggir að stórum hluta til á díselvarastöð, sem getur ekki talist ásættanleg lausn til framtíðar í landi endurnýjanlegrar orku.

Tvennt getur komið orkumálum Vestfjarða upp í efstu deild. Í fyrsta lagi

aukin orkuframleiðsla innan svæðisins, til að ekki þurfi að treysta eins mikilvægum ábilanagjarna aðflutningsleiðina (Vesturlínu). Vestfirðir þurfa í dag u.þ.b. 40 MW af afl og er aðeins um helmingur þess framleiddur á svæðinu. Í öðru lagi væru það betri tengingar, bæði til og frá svæðinu og innan þess. Sóknarfærin eru mörg á báðum þessum sviðum.

Gangi allt upp með Hvalárvirkjun (55 MW) - sem er í nýtingarflokki rammaáætlunar hvað sem öllum blaðaskrifum líður - eru helst uppi hugmyndir um að orkan frá henni yrði tengd inn á meginflutningskerfið í Kollafirði. Ekki er talið að sú tenging yrði útsett fyrir sérlega miklum truflunum. Þetta eitt og sér myndi stórbæta afhendingaröryggi rafmagns á Vestfjörðum því að bilanir á hinni löngu og erfðu leið alla leið frá Kollafirði suður í Hrutatungu myndu hætta að skipta máli vestan tengipunktsins í Kollafirði. Eftir staði bilanahætta á erfðum 40 km kafla frá Kollafirði til Mjólkárhægt væri að styrkja línuna á þeirri leið verulega frá því sem nú er. Einnig myndu Reykhólasveit, Strandir og Dalir öðlast við þetta mun betra afhendingaröryggi þar sem orkan til þessara svæða gæti nú komið úr tveimur áttum, þ.e. frá Kollafirði og meginflutningskerfinu, sem væri ígildi hringtengingar.

Fleiri virkjanakostir eru á svæðinu, bæði stórir og smáir. Austurgilsvirkjun (35 MW) og Skúfnvatnavirkjun (10 MW) gætu nýtt nýjan tengipunkt innst í Djúpi; sú fyrri er í nýtingarflokki rammaáætlunar og sú síðari fellur ekki undir gildissvið hennar. Utar á fjörðunum, og tiltölulega skammt frá núverandi orkuflutningskerfi, hefur Glámuvirkjun komið til skoðunar, stundum nefnd Hestfjarðarvirkjun. Hún er til í ýmsum misstórum útfærslum og gæti skilað 20 MW eða jafnvel mun meiru skv. eldri útfærslum. Stækkun Mjólkársvirkjunar um 7 MW hefur einnig verið til skoðunar sem og margar smávirkjanir sem saman gætu skilað umtalsverðu afl. Loks má nefna að mjög stór hluti orkunotkunar Vestfjarða fer til húshitunar og því vert að skoða hvort raunhæft sé að setja upp varmadælur til að draga úr þeirri orkunotkun



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

og losa þar með um rafmagn sem væri ekki síður dýrmætt en rafmagn frá nýrri virkjun. Loks er ekki útilokað að jarðhiti finnist sem nýta megi í fyllingu tímans.

Ljóst er af framansögðu að það er vel raunhæft að Vestfirðir verði ekki aðeins sjálfbærir um orku heldur umsvifamikill útflytjandi.

Góðar tengingar skipta líka sköpum eins og áður segir. Landsnet er með margt á þróunum hvað þetta varðar, meðal annars streng um Dýrafjarðargöng og viðamikil verkefni sem miðar að því að styrkja kerfið allt frá Öndarfirði (Breiðadal) suður til Tálknafjarðar (Keldeyri) með annarri af tveimur útfærslum sem kallaðar hafa verið „áttan“ og „hringurinn“. Línuna frá Hrutatungu til Mjólkár mætti styrkja á nokkrum mikilvægum stöðum sem myndi styðja við flutning á orku bæði til svæðisins og frá því. Stóra hringtengingin út Djúpið til Ísafjarðar er auðvitað áfram möguleiki sem verður veginn og metinn þegar þar að kemur.

Ég hef fulla trú á að orkumál Vestfjarða komist í efstu deild. Í því felast gífurlegir hagsmunir fyrir íbúa svæðisins og fyrirtækin sem hér starfa, en einnig þau fyrirtæki sem gætu haslað sér völl hérna á grundvelli meiri og tryggari orku, og skapað þau auknu verðmæti og störf sem eru undirstaða kröftugrar byggðar.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir Höfundur er ferðama-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norð-vesturkjördæmi



VIÐREISN

Heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni hefur breyst hratt á undanförunum árum. Mörgu er um að kenna og mörgu að þakka. Víða hefur verið erfitt að manna stöður. Aukin sérhæfing og tæknivæðing heilbrigðisþjónustu gerir samþjöppun skynsamlega. Læknar vilja ekki lengur löngu bakvaktirnar sem fylgja litlum heilbrigðisumdæmum. Fjarheilbrigðisþjónusta hefur ekki náð sér á strik þrátt fyrir loforð og heitstrengingar. En sumt er gert einfaldlega til að spara pening. Ríkinu ber skylda til að fara vel með skattféð og tryggja að það

verði að sem mestu gagni.

En stundum þegar ríkið sparar, borgar landsbyggðin.

Hár ferðakostnaður

Þegar þjónusta flyst af landsbyggðinni til Reykjavíkur eða annarra stærri bæja flyst samhliðakostnaður af herðum ríkisins yfir á einstaklingana. Nauðsynlegt er að endurskoða endurgreiðslur ferðakostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu. Einnig verður að koma betur til móts við kostnað vegna vinnutaps. Aukin hlutdeild ríkisins þar hefur aftur í för með sér að skýrara verður í bókum ríkisins hversu mikið hagræði

#BirkirSnær

Ríkið sparar, landsbyggðin borgar

það er að sérfræðilæknar komi reglulega í heimsóknir á heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar í stað þess að sjúklingar fari alltaf til Reykjavíkur.

Það er ekki ásættanlegt að fólk úti á landi sé gert að skutlast bara til Reykjavíkur vegna þess að læknar eru ekki til taks í heimabyggð. Viðreisn vill breyta þessu.

Gylfi Ólafsson heilsuhagfræðingur Höfundurskipar fyrsta sæti framboðslista Viðreisnar í Norð-vesturkjördæmi



KJARKUR
TIL AÐ BREYTA

 VIDREISN

Grænt ljós fyrir áramót

Gefum grænt ljós á umhverfisvænt
fiskeldi í Djúpinu fyrir áramót



#Birkir Snær



Píratar hafa sýn í heilbrigðismálum sem öll stefnumið eiga að leiða að, sú sýn sem einnig má kalla markmið er að hámarka heilbrigðisþjónustu í hag landsmanna, þannig að allir hafi beinan og óheftan aðgang að persónulegri heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu. Fræðsla um heilbrigðismál og upplýsingar um viðeignandi

einstaklingsþjónustu skulu vera aðgengileg. Fjármögnun heilbrigðismála skal vera tryggð og viðvarandi og í samræmi við langtímaáætlanir yfirvalda. Ætíð skal að tryggja jafnan aðgang almennings óháð aldri, búsetu, efnahag, félagslegri stöðu eða öðrum einstaklingsbundnum þáttum að heilbrigðisþjónustu. Píratar stefna að því að

heilbrigðisþjónusta skuli vera gjaldfrjáls fyrir alla landsmenn. Einnig teljum við að þjónusta sálfræðinga sem og tannlækningar skuli verða hluti af almennri heilbrigðisþjónustu.

Þegar fjölskyldumeðlimur, sérstaklega börn sem þurfa mikla umönnun, greinast með alvarleg og langvarandi veikindi eiga fjárhagslegar

áhyggjur ekki að bætast ofan á álag fjölskyldunnar. Það er ein ástæða þess að við Píratar viljum að allur lyfjakostnaður vegna langvinnra sjúkdóma eða raskana verði sjúklingum að kostnaðarlausu.

Eva Pandóra Baldursdóttir



VINSTRI GRÆN

Aðgangur að ókeypis heilbrigðisþjónustu eru almenn mannréttindi.

Heilsusamlegt umhverfi og greiður aðgangur að heilbrigðisþjónustu eru meðal mikilvægustu réttinda einstaklinga. Það er hagrætt hvers samfélags að stuðla að góðri heilsu almennings og hlúa vel að þeim sem tapa heilsu. Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur

áherslu á öfluga heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem er fjármögnuð með skattfé og starfrækt á opinberum grunni.

Heilbrigðiskerfið á að þjóna öllum óháð efnahag, aðstæðum og búsetu og tryggja þarf að notendur heilbrigðisþjónustunnar komi að skipulagi hennar. Útgjöld vegna lyfja og lækniþjónustu hafa hækkað sem hlutfall af tekjum heimila og brýnt er afnema sjúklingagjöld og lækka lyfjakostnað sjúklinga. Brýnt er að endurskoða reglur um ferðakostnað sem getur

verið mjög íþyngjandi og mismunað fólki eftir búsetu. Fyrsta skrefið er að öll heilbrigðisþjónusta við börn og ungmenning verði gjaldfrjáls, tannlækningar, sálfræði- og geðlæknaþjónusta þar með taldar.

Öflug heilsugæsla, fjölbreytt sérfræðiþjónusta, fræðsla, forvarnir og framúrskarandi sjúkrahús eru hornsteinar góðrar heilbrigðisþjónustu. Byggja þarf upp öfluga heilbrigðisþjónustu fyrir landið allt þannig að almenningur geti sótt sér grunnþjónustu sem næst

heimabyggð.

Fullgilda þarf samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að þjónustu óháð búsetu. Notendastýrð persónuleg aðstoð þarf að verða raunverulegt val fyrir þá sem það kjósa og tími til

kominn að festa það verkefni í sessi með lögum. Vinna þarf áfram að notendasamráði og valdeflingu notenda velferðarþjónustunnar.

Lilja Rafney Magnúsdóttir

#Birkir Snær

Auglýsingasími
bb.is er
456 4560

Opinn fundur trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Vestfirðinga verður haldinn á Hótel Ísafirði mánudaginn 23. október kl.18.30.

Boðið verður upp á ekta íslenska kjötsúpu.

Dagskrá.

1. Skattbyrði launafólks 1998 – 2016, Henný Hinz deildarstjóri hagfræðideildar ASÍ kynnir helstu niðurstöður og ræðir innihald skýrslunnar.
2. Vinnustaðaeftirlit í samstarfi stéttarfélaganna á Vestfjörðum og Vesturlandi – Einn réttur ekkert svindl! María Lóa Friðjónsdóttir verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits hjá Verk Vest kynnir starfið.
3. Helstu áherslur í kjara- og atvinnumálum frá þingum Starfsgreinasambands Íslands og Landssambands íslenskra verslunarmann.
4. Önnur mál



Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga hvetur félagsmenn til að mæta og kynna sér þau mál sem helst brenna á launafólki í aðdraganda kosninga og endurnýjun kjarasamninga.



Pórir Guðmundsson og Birkir Snær

Ég hef oft verið að velta fyrir mér kostum þess að búa á landsbyggðinni. Þeir eru miklir. Til dæmis er magnað hvað samfélagið passar upp á sitt fólk, líkt og við fengum að kynnast á eigin skinni í desember s.l. Við munum aldrei gleyma því, og held að enginn muni gera það. En þetta eraðeins einn kostur og ætla ég ekki að fara að telja þá alla hér upp. En hinsvegar er einn stór ókostur, sem þarf ekki að vera til staðar. Eins og flestir vita er Birkir Snær okkar búinn að vera veikur frá fæðingu. Hann greindist í apríl 2016 með LCH sem er

skilgreint sem krabbamein. Vissulega ekki versta krabbamein til að fá, en engu að síðu helvíti leiðinlegur sjúkdómur fyrir lítið barn að þurfa að ganga í gegnum, og allt hans fólk. Það sem fylgir þessu er mikið af ferðum til Reykjavíkur til meðferðar á Barnaspítala Hringins. En þarfær hann alla sína lyfjagjöf og rannsóknir. Frá apríl 2016 höfum við verið að minnsta kosti einu sinni í mánuði í Reykjavík. Held þó að það hafi einungis gerst fjórum sinnum að við höfum einungis þurft að fara einu sinni í mánuði til Reykjavíkur. Við leggjum út fyrir öllum ferðakostnaði

og þarf ég svo að safna saman helling af gögnum til að fá HLUTA af kostnaðinum endurgreiddan.

Það er nefnilega þannig að við búum á landsbyggðinni, með krabbameinsveikt barn sem er 100% í umönnunarflokki eitt í umönnunarkerfinu og þurfum að sækja alla þjónustu til Reykjavíkur. En samt er það metið þannig að hann þarf einungis einn fylgdarmann með sér til Reykjavíkur.

Í fyrsta lagi er mjög erfitt að þurfa að standa í þessari baráttu með barnið sitt, hvað þá ef við, foreldrar hans, gætum ekki gert það saman. Það er erfitt að vera með hann gangandi um gólf á næturnar vegna vanlíðan, eða rúnta á nóttunni svo hann sofi og þurfa svo að vera klár í að taka daginn á fullu afli líka. Dag eftir dag. Það sjá flestir að þetta gengur ekki upp, og hvað þá til lengdar. Mér finnst það því mjög undarlegt að í svona veikindum sé ekki hægt að sækja um endurgreiðslu á ferðakostnaði fyrir tvo fylgdarmenn. Reyndar hef ég hugmynd um hvernig væri hægt að útfæra þetta til að foreldrar mikið veikra barna af landsbyggðinni þurfi ekki að standa í þessari baráttu líka. Mjög einfalt. Einhver á vegum Landspítalans pantar flug fyrir barn og fylgdarmenn rétt áður en barnið skal



Pórir og Guðrún Kristín ásamt börnum sínum á góðum degi

mæta til meðferðar og svo er pantað flug fyrir barnið og fylgdarmenn heim þegar meðferð og/eða rannsóknum er lokið. Er þetta ekki einfalt? Er þetta ekki lágmarkskrafa í þessu velferðarsamfélagi sem við búum í, að við, foreldrarnir, þurfum ekki að standa í þessu líka? Þessi sérhæfða heilbrigðisþjónusta er ekki í boði í okkar heimabæ, en við borgum jafnmikla skatta

til heilbrigðiskerfisins eins og þeir sem búa í Reykjavík og þurfa, sem betur fer, ekki að standa í þessu veseni aukalega. Það segir mér enginn að það séu mörg börn svona mikið veik á landsbyggðinni, því ætti þetta alls ekki að vera flókið í framkvæmd. Mér finnst a.m.k. ekki. En okkur dettur ekki í hug að flytja héðan, við viljum bara að það sé sanngjarnt að búa hérna á alla vegu.



–Draga þarf úr greiðsluþátttöku sjúklinga

Undanfarin misseri hefur mikið verið í umræðunni íþyngjandi kostnaður sjúklinga vegna heilbrigðiskostnaðar. Alvarleg veikindi gera ekki boða undan sér og kosta fjölskyldur háar fjárhæðir. Þegar langt er að sækja heilbrigðisþjónustu bætist við kostnaður vegna ferða, húsnæðis, vinnutaps

og stundum þarf að halda úti tveimur heimilum um tíma.

Það er mikilvægt þegar talað er um jafnrétti til búsetu að þessi þáttur sé tekin með í umræðuna. Það er ekki ásættanlegt að sjúklingar séu í verri stöðu í sama hlutfalli og fjarlægð þeirra frá þjónustunni. Það er réttur okkar allra að tilfallandi ferða- og húsnæðiskostnaður falli undir greiðsluþátttökukerfið. Núverandi kerfi tekur aðeins mið af því að á meðan sjúklingur er innliggjandi fá aðstendur 80% greitt af húsnæðiskostnaði en ekki þá daga sem sjúklingur gengur til rannsókna eða þarf að dvelja nærri sjúkrahúsi eftir að meðferð eða aðgerð líkur.

Eru allir sjúkdómar „samþykktir“?

Þegar við tölum um að draga þurfi úr greiðsluþátttöku sjúklinga á það við um alla

sjúkdóma. Geðheilbrigðismál þurfa að njóta meiri athygli. Sálfræðikostnaður þarf að falla undir greiðsluþátttökukerfið. Núverandi kerfi er okkur mjög dýrt þar sem stórum hópi er meinaður aðgangur vegna mikils kostnaðar, afleiðingarnar eru þær að sífellt stærri hópur dettur útaf vinnumarkaði vegna andlegra sjúkdóma og búa við óviðunandi aðstæður. Hægt væri að vinna fyrirbyggjandi vinnu með bættu aðgengi að sálfræðiþjónustu með þátttöku sjúkratrygginga og lámarka þann tíma sem sjúklingar eru óvirkir vegna sjúkdóms síns.

Það skiptir okkur líka máli að auka greiðsluþátttöku vegna tannlæknakostnaðar. Tannheilbrigði er einn hlekkur í almennu heilbrigði og hefur tannheilbrigði margra hópa dalað og þá sérstaklega eldri

borgara, þar hefur ríkið ekki staðið við 75% niðurgreiðslu kostnaðar eins og stefnt var að.

Betur má ef duga skal

Fyrir þessar kosningar leggur Framsóknarflokkurinn áherslu á draga þurfi úr greiðsluþátttöku sjúklinga og leggur áherslu á að núverandi kerfi sé íþyngjandi. Við viljum vinna að því að tannlækningar, sálfræðikostnaður og ferðakostnaður sjúklinga falli undir greiðsluþátttökukerfið. Framtíðarmarkaðið er að veikir borgi ekki. Getum við ekki öll verið sammála um það?

Halla Signý Kristjánsdóttir er í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í NVkjördæmi.

Við kjósum að aka stundum á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar vegna þess að það er minni kostnaður í hvert sinn, en er það ömurlegt að þurfa að gera það. Sem dæmi erum við að fara suður í lok mánaðarins til lyfjagjafar og rannsókna. Flug fyrir okkur kostar um 52.000 kr. Þar af munum við fá um 26.000 kr. af því endurgreitt. Frá apríl 2016 höfum við greitt um 1.500.000 kr. í ferðakostnað. Við höfum fengið rúmlega 900.000 kr. endurgreitt af því.

Pórir Guðmundsson

#Birkir Snær



Sjálfstæðisflokkurinn



MIÐFLOKKURINN



BJÖRT FRAMTÍÐ



Flokkur Fólksins



					FINNAST	HELGITÁKN	KVARTANIR		RÓMVERSK TALA	LAGS- MAÐUR	GÆLUNAFN
								DUFT			
								BELTIS- STAÐUR			
									TVEIR EINS		
									SAMTÖK		
									HEIÐURS- MERKI		
	↓	VEGVÍSIR	SUSS TVÍHLJÓÐI				TAUMUR LAND Í AFRIKU				KALK- STEINN
DIMMT						LÍNA ÓHRÓÐUR					
VIÐSKIPTI					NÚNA PEKKI					EINING	
TVEIR EINS			EFNI SÆLA					SAMTÖK LAUT			
SVELG				ÁGÆTIS HALD					TVEIR EINS LÆRA		
BANDINGI						SKART- GRIPUR ÁSTÚÐ					HEIMTING
			KVK. SPENDÝR ÓRÓI				LABBAÐI MEÐ				
FYLLI- BYTTA					LANDS GUMS					SLITRÓTT TAL	
TVEIR EINS			AD AUKI HLEMMUR					ÓHREINKA BLUND			
AD				MEGIN SKÓLI					FRÁ HLJÓTA		
HÁSPIL						HAND- SKJÓL					
STUNDA					FRAMRÁS						

ENDURSKOÐUN Simi í Bolungarvík 450 7900
 Simi á Ísafirði 450-7910
 VESTFJARÐA ehf
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
 upplýsingar um
 réttindi og kjör
 á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Kjörfundur

Kjörfundur í Bolungarvík vegna kosninga til Alþingis Íslendinga laugardaginn 28. október 2017 verður haldinn í Félagsheimili Bolungarvíkur við Aðalstræti 24.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 21:00 síðdegis.

Kjösendur geta kosið utan kjörfundar á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar í Ráðhúsi Bolungarvíkur við Aðalstræti 10-12 á opnunartíma þjónustumiðstöðvar á virkum dögum frá kl. 10:00 til kl. 15:00.

Kjösendur geta kannað hvar þeir eru á kjörskrá á vefnum www.kosning.is og kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar við Aðalstræti 10-12 á afgreiðslutíma þjónustumiðstöðvar frá kl. 10:00 til kl. 15:00.

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskrirteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.

Kjörstjórn Bolungarvíkur

Lausn á síðustu krossgátu

			TRÉ	MYLJAST	SKORTUR		KLIDUR	SJÁDU	MERKJA	
			BLÁKVARS	A	M	E	T	Y	S	T
			KVERK	K	O	K	SKJÓN MEGA TIL	S	K	Á
			SANTALS	A	L	L	KLAFI FADMLAG	O	K	
			MÁLEÐI GEB	S	N	A	K	K	HNUSA	N
			VEIR EINS	S	Í	A	ELSKA BÓTFALL	U	N	N
TUNGU- MAL	E	N	S	K	A	HITA SMYRSL	H	L	Ú	ÁVINNA
STARTA	R	Æ	S	A	SLAGA TUNNUR	K	R	U	S	S
GJALD- MÍÐILL	K	R	RISSA MÆLI- EINING	P	Á	R	SEYTLA FRÁ NÆGILEGA	A	F	
HYGGJA	T	R	ELDSNEYTI NEYÐA	M	E	T	A	N	AFBROT	L
ADALLEGA	E	I	N	K	U	M	HRENNA SKORDYR	G	Ó	M
	I	FÝLDUR KANTUR	S	Ú	R	KYLDUR KEYRA	M	A	G	GREMJAST
VAG	K	J	A	G	SAMTÖK AF- HENDING	A	PEI VÉTU	U	S	S
ÁTT	N	MATAR- LÁT REGLA	A	S	K	U	GELT EFNI	R	G	Á
SVELGUR	I	ÍPRÓTT TVEIR EINS	Ð	A	K	A	R	A	T	E
GAUR	N	A	G	L	I	HNETA	A	K	A	R
RIST	G	R	I	L	BLÓMI	R	A	U	Ð	A

#Birkir Snær



Sjálfstæðisflokkurinn

Sjálfstæðisflokkurinn vill efla rekstur heilbrigðisstofnana um land allt þannig að hægt sé að veita sem flestum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu í heima- byggð. Mikilvægt er að auka þátt fjarheilbrigðisþjónustu, sem og bráðþjónustu utan spítala og við viljum styðja enn frekar við þá sjúklinga og fjölskyldur þeirra, sem ekki geta fengið þjónustu í heima byggð. Þar má meðal annars nefna endurgreiðslu ferðakostnaðar og byggingu sjúkrahótels á lóð Landspítalans. Það er ljóst að reglugerð varðandi ferðakostnað sjúklinga þarf að laga og hófst vinna við það innan heilbrigðisráðuneytisins undir stjórn Sjálfstæðisflokksins á síðasta kjörtímabili og þar munum við ekki láta okkar eftir liggja.

Þá teljum við sérstaklega brýnt að fæðingarþjónusta í nærumhverfi verði eflað verulega frá því sem nú er. Þegar slíku verður ekki viðkomandi er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á fæðandi konur og fjölskyldur þeirra.

Efnahagur fólks má ekki vera nokkrum hindrun í að leita sér heilbrigðisþjónustu. Nýju greiðsluþáttökakerfi hefur verið komið á, þar sem sett hefur verið þak á kostnað einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu og börn eigakostá gjaldfrjálsri þjónustu. Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að lækka kostnað sjúklinga enn frekar.

Þess fyrir utan þarf að stórefla sjúkraflug og tryggja að slík þjónusta sé ætíð til taks í hinum dreifðu byggðum.

Haraldur Benediktsson

Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2018

Húsnæðisráðgjafi er að stafla að veðveðna og viðhaldi fríðytra og skilríkja lita og smáskjala, sér. augur um stöðvinnu og litafríðunarsjóði nr. 575/2016. Vættir umfaða umla styrkir til sjóðanna til:

- viðhaldi og smáskjala á fríðytra og skilríkja lita og smáskjala, og stöðvinnu og litafríðunarsjóði, sem hefur smáskjalafríðun, vinnublað og litafríðun.
- byggingarfríðunarsjóði, þar með talið skilríkja lita og smáskjala, og smáskjalafríðunarsjóði.
- veðveðna til að vinna tilgjafi á smáskjalafríðunarsjóði, l. smáskjalafríðunarsjóði nr. 83/2013 og byggingarfríðunarsjóði nr. 575/2016 sem veðveðnafríðunarsjóði og til smáskjalafríðunarsjóði.

Umsóknir eru sentar með tilliti til veðveðnafríðunarsjóði, til vagns byggingarfríðunarsjóði, smáskjalafríðunarsjóði, smáskjalafríðunarsjóði og smáskjalafríðunarsjóði. Umsóknir eru tilgjafi fyrir veðveðnafríðunarsjóði.

Umsóknir eru tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði, e.t.a. stöðvinnu og litafríðunarsjóði, er að fara á vef Minjastofnunar Íslands, www.minstofnun.is.

Umsóknir eru tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði.

Minjastofnun Íslands hefur efnið með all styrki veðveðnafríðunarsjóði af hendi hefur og l. smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði. Eftir er á litafríðunarsjóði og smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði, er tilgjafi og smáskjalafríðunarsjóði.

Minjastofnun Íslands
Súkkargata 20, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minstofnun.is
lausnir@mestofnun.is

Auglýsingasími bb.is
er **456 4560**

HRADFYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda

Sudoku þrautir

	3		7	4	5			2
		7			1			6
8	1	4		6		9		
			4		6	1		
1				9				4
4					3	5		
2					7			3
	5		8				9	
6		8	1	9		7		

		7	8		5			
				8	6		2	3
3		6	2		4			
		1		3	6	7	5	2
7							6	4
6		2		4	1			
	3			6	7	2		
1	2			4	8		3	
5		7	3		9	8	2	4

Nýtt nafn sama góða bragðið



Frá móður til dóttur
– og öðrum allra

Til að heiðra þær íslensku konur sem miðluðu
uppeldi og þekkingu á skyrgerð til dætra sinna
í gegnum aldirnar, hefur skyrin öðrar nú búið skyr.

#IseySkyr